



Alþingi – nefndasvið  
B.t. fjárlaganefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Selfossi, 27. maí 2016

**Efni:** Umsögn stjórnar SASS um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2017 – 2021, 740. og 741. mál.

Stjórn SASS fagnar framlagningu þingsályktunartillagnanna. Að mati stjórnar stuðlar stefnumörkun og áætlanagerð í fjármálum hins opinbera að bættri hagstjórn og ábyrgari fjármálastjórn. Með framlagningu áætlunarinnar er mótuð stefna í opinberum fjármálum fyrir lengra tímabil en eins árs í einu, eins og verið hefur. Auk þess verður til heildastætt yfirlit yfir fjármál ríkisins fram til ársins 2020.

Stjórnin tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 26. maí sl., um þingsályktanirnar enda hafa flest málefnasvið fjármálaáætlunar beinar eða óbeinar tengingar við sveitarfélögin. Stjórnin vill jafnframt árétta eftirfarandi.

Í samgöngumálum er nauðsynlegt að beina fjármunum í þær framkvæmdir sem eru brýnastar hverju sinni og forgangsraða þarf þeim á landinu í heild m.t.t. umferðar- og öryggissjónarmiða. Lögð er áhersla á að meiri fjármunum verði varið á næstu árum til viðhalds samgöngumannvirkja og rannsókna í samgöngumálum og við áætlanagerð verði höfð sérstök hliðsjón af umferðarspám, s.s. vegna fjölgunar ferðamanna. Einnig er nauðsynlegt að huga að hafnarframkvæmdum.

Stjórn SASS tekur undir meginstefnu á sviði byggðapróunar sem er að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Stjórnin fagnar því að framlög til byggðamála og sóknaráætlana landshluta sé að aukast. Sóknaráætlanir landshluta eru mikilvægur samstarfsvettvangur fyrir ríki og sveitarfélög um byggðapróun.

Átaksverkefnið Ísland ljóstengt er mikilvæg stoð í byggðapróun og eitt af meginviðfangsefnum stjórnvalda á sviði fjarskipta til ársins 2020. – Átaksverkefni þessu í uppbyggingu innviða má um margt líkja við rafvæðingu landsins á sínum tíma. – Að áliti stjórnar SASS þarf að auka framlög til verkefnisins til að því verði lokið í síðasta lagi 2020.

Stjórnin tekur undir áhyggjur Sambandsins um að ríkið setji sér ekki metnaðarfullri áætlanir um almenningssamgöngur, svo ekki sé talað um mikilvægi þess að nýtt frumvarp um farþegaflutninga á landi líti dagsins ljós. Samningar um almenningssamgöngur renna úr gildi í lok ársins 2018 og því er mikilvægt að Alþingi taki af skarið og móti skýra afstöðu til áframhalds þessa samstarfsverkefnis ríkis og sveitarfélaga ef ekki á illa að fara.



Ánægjulegt að sjá að verja á auknum fjármunum til sjúkrahúspjónustu en gengið er út frá að viðbótarframlög skili sér m.a. til reksturs Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSU). Eðli málsins samkvæmt eiga stjórnvöld að viðhalda aðhaldskröfu í öllum málaflokkum en heilbrigðisþjónustan er einn af hornsteinum samfélagsins.

Stjórnin leggur áherslu á að sveitarfélögum verði tryggðar auknar tekjur til að mæta vaxandi útgjöldum þeirra vegna ferðaþjónustunnar. Einnig þarf að gera ráð fyrir því að veita meira fjármagni en áður í aðra innviði, s.s. heilbrigðisþjónustu og löggæslu, til að fjölgun ferðamanna bitni ekki á þjónustu við íbúa á landsvæðinu.

Menntamál eru mikilvægur þáttur í byggðapróun. Stjórnin hvetur stjórnvöld til að huga enn betur að þeim málaflokki og áréttar nauðsyn þess að styðja við þróun fjarkennslu til að jafna aðgengi nemenda til náms. Grunnforsenda virkar fjarkennslu er að nemendur hafi aðgang að góðu netsambandi sem undirstrikar enn frekar nauðsyn þess að ljúka verkefninu Ísland ljóstengt í síðasta lagi 2020.

Um leið og stjórnin styður framkomnar þingsályktunartillögur skorar hún á Alþingi að beita sér fyrir breytingum samkvæmt framangreindum ábendingum.

Virðingarfyllt,  
f.h. stjórnar SASS

Bjarni Guðmundsson,  
framkvæmdastjóri